




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 16. janúar 2017
2013110028
0.30.1

Stjórnkerfis og lýðræðisráð,
Halldór Auðar Svansson formaður
Ráðhús Reykjavíkur



Breytingar á skipuriti velferðarsviðs.

Á fundi velferðarráðs þann 12. janúar 2017 var lagt fram minnisblað dags 4. janúar 2017, vegna breytinga á skipuriti velferðarsviðs ásamt fylgigagni.

Sviðsstjóri velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu.

Þetta er hér með sent ykkur til upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Elly A. Þorsteinsdóttir
Elly Alda Þorsteinsdóttir
skrifstofustjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 4. janúar 2017
Skrifstofa: Sviðsstjóra
Unnið af: Stefáni Eiríkssyni
Ábyrgð: Stefán Eiríksson
GoPro: 2013110028

Lagt fyrir velferðarráð 12. janúar 2017

Minnisblað

Efni: Breytingar á skipuriti velferðarsviðs.

Forsaga: Með greinargerð sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2013, sem lögð var fram í stjórnkerfisnefnd og borgarráði auk velferðarráðs, var gerð tillaga að nýju skipuriti fyrir velferðarsvið. Nýtt skipurit og skipulag sviðsins var í kjölfarið samþykkt og tók gildi snemma árs 2014. Umræddar breytingar voru gerðar til þess að mæta breyttum verkefnum og breyttum aðstæðum í samfélaginu og til þess að þróa skipurit sviðsins í samræmi við þær breytingar sem orðið höfðu á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar á undanegnum árum. Markmið breytinganna var í grunninn að tryggja aukið jafnræði milli þeirra málaflokka sem sviðið sinnir, bæta yfirsýn yfir stóra og mikilvæga málaflokka, skýra verkaskiptingu, ábyrgð og valdumboð, auka skilvirkni og bæta nýtingu fjármuna, gera umfang viðfangsefna sviðsstjóra og annarra stjórnenda viðráðanlegra, auka áherslu á sviðið sem þjónustustarfsemi og auka áherslu á notendasamráð og samvinnu innan sviðs og utan.

Um mitt síðasta ár var utanaðkomandi ráðgjafa falið að gera úttekt á því hvernig til hefði tekist með framangreindar breytingar. Úttektin fólst fyrst og fremst í samtölum við alla stjórnendur á skrifstofu sviðsins og þá starfsmenn sem óskuðu eftir því að koma viðhorfum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Umræddur ráðgjafi þekkti vel til aðdraganda framangreindra breytinga enda kom hann að ráðgjöf í tengslum við það verkefni og hafði því góðar forsendur til að vege og meta hvort þau markmið sem að var stefnt hefðu náðst. Niðurstöðu sinni skilaði umræddur ráðgjafi sl. haust. Sviðsstjóra var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úttektarinnar auk þess sem aðgerðaáætlun í mörgum liðum var skilað.

Meginniðurstaða þessarar úttektar var að þau markmið sem að var stefnt með breytingunum sem tóku gildi í upphafi árs 2014 hefðu í meginatriðum náðst. Eftir sem áður voru ýmsar ábendingar settar fram um þau atriði sem huga mætti betur eða sérstaklega að. Aðgerðaáætlunin var kynnt stjórnendum og starfsmönnum skrifstofu sviðsins og rædd nánar á sérstökum starfsdegi. Samhliða og í kjölfarið hefur verið unnið með einstaka þætti í þeirri áætlun eftir atvikum hverju sinni.

Á þeim þremur árum sem liðin eru frá því að nýtt skipulag tók gildi hafa einhverjar breytingar orðið á skiptingu verkefna milli einstakra eininga og innan þeirra. Veigamesta breytingin sem varð á tímabilinu varð þegar skrifstofustjóri á skrifstofu framkvæmdar þjónustu lét af störfum. Til að byrja með var í hagræðingarskyni ekki ráðið í umrædda stöðu. Eins og rakið er í fylgiskjali hafði umræddur skrifstofustjóri

Það hlutverk að vera í daglegum samskiptum og samstarfi við þjónustumiðstöðvar og Barnavernd í umboði sviðsstjóra. Umrædd verkefni fóru í kjölfarið í meira mæli á borð sviðsstjóra og einstakra skrifstofustjóra, auk þess sem tíðni yfirstjórnarfunda var aukin frá því sem áður var. Einnig var gerð sú breyting á skrifstofu sviðsstjóra að afmarka með skýrari hætti stjórnáslu- og þjónustuhlutverk skrifstofunnar og breyta starfi verkefnisstjóra í starf deildarstjóra.

Í byrjun árs 2015 var sett í gang tilraunaverkefni sem sneri að þremur búsetukjörnum sem veita íbúum umfangsmikla og flókna þjónustu. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis var fengin til að leiða það verkefni og var tímabundið fluttur í starf skrifstofustjóra á skrifstofu velferðarsviðs. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar tók að sér jafnframt að gegna framkvæmdastjórástöðu í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, meðan framkvæmdastjóri þeirrar þjónustumiðstöðvar fluttist í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Umrætt verkefni í búsetuþjónustu velferðarsviðs skilaði mjög góðum og athyglisverðum árangri í faglegu starfi umræddra búsetukjarna. Jafnframt styrkti það til muna faglegt starf á þessu sviði og skapaði skýrari og betri grundvelli fyrir t.a.m. innleiðingu á hugmyndafræði um sjálfstætt líf í þjónustu velferðarsviðs við fatlað fólk. Þessu tveggja ára tilraunaverkefni lýkur formlega síðar á þessu ári.


Næstu skref og breytingar á skipulagi skrifstofu velferðarsviðs: Ekki er ástæða til að gera veigamiklar breytingar á skipulagi eða skipuriti velferðarsviðs frá því sem samþykkt var í upphafi árs 2014. Festa þarf í sessi deild stjórnáslu og þjónustu á skrifstofu sviðsstjóra. Jafnframt hefur verið ákveðið að breyta starfslýsingu og innihaldi verkefna skrifstofu framkvæmdar þjónustu. Byggist sú breyting fyrst og fremst á þeirri góðu reynslu sem framangreint tilraunaverkefni skilaði og áhuga sviðsins á því að ná enn betri tókum á faglegu starfi í þjónustu við fatlað fólk og einkum í búsetuþjónustunni. Skrifstofustjóra skrifstofu framkvæmdar þjónustu verður því falið það verkefni að innleiða hugmyndafræði og fara með faglega forystu í búsetuþjónustu, þróun og aðlögun starfsmanna að nýjungum í löggjöf og framkvæmd, forystu í nýsköpun innan búsetuþjónustu og í tengslum við aðra þjónustu við fatlað fólk. Sérstök ábyrgðarsvið verða uppbygging þjónustu við einstaklinga með flóknar þjónustuþarfir, notendasamráð, samhæfing innan búsetuþjónustunnar, starfslýsingar, öryggis- og gæðamál o.fl. Gert er ráð fyrir að á skrifstofunni starfi auk skrifstofustjóra leiðandi forstöðumaður skv. nánari starfslýsingu. Áfram er gert ráð fyrir nánú samstarfi við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva, aðra skrifstofustjóra og starfsmenn á skrifstofu sviðsins, deildarstjóra á þjónustumiðstöðvum og forstöðumenn.

Ákveðið hefur verið að færa framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis varanlega í embætti skrifstofustjóra skrifstofu framkvæmdar þjónustu á velferðarsviði. Jafnframt verður framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða fluttur í starf framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar mun leiða sameinaða þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Umræddir embættismenn hafa allir samþykkt framangreindar breytingar á störfum sínum. Unnið er að þeim formsatriðum sem slíkum breytingum fylgja. Umræddar breytingar taka formlega gildi 1. febrúar 2017.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi í för með sér kostnaðarauka. Gert er ráð fyrir að sameining tveggja þjónustumiðstöðva í eina hafi í för með sér sparnað, m.a. vegna fækkunar stjórnenda.

Fylgiskjal: Greinargerð sviðsstjóra velferðarsviðs og tillaga að nýju skipuriti, dags. 20. nóvember 2013.

Mynd – Skipurit velferðarsviðs





Greinargerð

Til: Stjórnkerfisnefndar og borgarráðs Reykjavíkurborgar

Frá: Stellu K. Víðisdóttur, sviðsstjóra Velferðarsviðs

Dags: 20. nóvember 2013

Efni: Tillaga að nýju skipuriti fyrir Velferðarsvið

Starfsemi Velferðarsviðs hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum, eins og sjá má á því að heildarútgjöld sviðsins árið 2007 voru 8,8 m.a. kr. en áætlun ársins 2013 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld verði 21 m.a. kr. og stöðugildi ársins 2007 voru 865 en eru 1.545 árið 2013. Til samanburðar voru 24 stöðugildi á skrifstofu Velferðarsviðs árið 2007 en eru nú 31, þ.a. voru fimm stjórnendur árið 2007 utan sviðsstjóra og eru enn fimm talsins.

Helstu ástæður þessara breytinga eru;

- Afleiðingar efnahagshruns sem hefur leitt af sér mikla fjölgun notenda og þar af leiðandi kröfu um ný vinnubrögð og úrræði
- Yfirfærsla verkefna frá ríki
- Aukin samþætting félags- og heilbrigðisþjónustu
- Aukinn rekstur á sólarhringsúrræðum
- Nýir notendahópar sem kalla á og hafa væntingar um nýjar þjónustuáherslur.

Skipurit sviðsins hefur ekki þróast til samræmis við breytingarnar á starfseminni. Endurskoðun á skipuriti sviðsins er orðin verulega aðkallandi þar sem núverandi skipurit er farið að hefta starfseminni verulega. Tillaga að breyttu skipuriti er því lögð hér fram til umræðu og ákvörðunar.

Tillagan var unnin með þeim hætti að utanaðkomandi ráðgjafi tók viðtöl við valinn, fjölbreyttan hóp stjórnenda og starfsmanna sviðsins og fékk hjá þeim ábendingar um það sem halda bæri í annars vegar og það sem betur mætti fara hins vegar. Á grundvelli viðtalanna vann ráðgjafinn síðan nokkrar tillögur að skipuriti. Þær tillögur voru ígrundaðar og þróaðar áfram af sérstökum samráðshópi sem hittist í sex skipti í þessum tilgangi. Endanleg útfærsla skipurits var að því loknu ákveðin af sviðsstjóra.

Markmiðið með breytingunum er í grunninn að tryggja:


- aukið jafnræði milli þeirra málaflokka sem sviðið sinnir
- bættu yfirsýn yfir stóra og viðkvæma málaflokka
- skýrari verkaskiptingu, ábygð og valdumboð

- aukna skilvirkni og betri nýtingu fjármuna
- viðráðanlegra umfang viðfangsefna sviðsstjóra
- viðráðanlegra umfang viðfangsefna einstakra stjórnenda
- aukna áherslu á sviðið sem þjónustustarfsemi
- aukna áherslu á notendasamráð og samvinnu innan sviðs og utan

Með þessu er m.a. leitast við að ná fram meiri sveigjanleika í starfseminni og auknum viðbragðsflýti í þágu þjónustunotenda, í takt við auknar kröfur um að opinber þjónusta þróist til samræmis við breytingar og þarfir íbúa. Með fjölgun stjórnenda og þar með auknu umboði til athafna er ætlunin að losa flöskuhálsa og koma í veg fyrir að verkefni stíflist í kerfinu vegna álags og fjölda verkefna hjá einstaka stjórnendum. Jafnframt er leitast við að styrkja betur hlutverk sviðsins í stjórnsýslu borgarinnar og þjónustu við kjörna fulltrúa.

Breytingarnar sem lagðar eru til ná einungis til starfsemi miðlægrar skrifstofu sviðsins. Verkefni skrifstofunnar eru þau sömu og áður en gert er ráð fyrir aukinni áherslu á heildstæða stefnumótun, samþættingu, rannsóknir, tölulegar upplýsingar, úttektir og eftirlit og skýrari verkferla og boðleiðir, til samræmis við þær ábendingar sem komu fram í viðtölum þeim sem tekin voru við stjórnendur og starfsmenn til undirbúnings breytingavinnunni.

Tillaga að skipuriti



Skýringar

Í skýringunum hér á eftir er leitast við að veita yfirlit yfir hlutverk og meginverkefni einstakra starfseininga sem settar eru fram í skipuritinu. Í framhaldi af samþykkt stjórnkerfisnefndar og borgarráðs er nauðsynlegt að vinna með stjórnendum og starfsmönnum að því að staðsetja einstök verkefni innan starfseininganna, sem og að skilgreina betur verkferli og verkflæði. Slíkt þarf af nauðsyn að byggja á miklu samstarfi og teymisvinnu milli starfseininga þar sem þjónustukeðjan nær í mörgum tilfellum þvert á skipuritið. Staðsetning einstakra verkefna getur því breyst frá því sem nú er lagt til.

Áframhaldandi vinna útfærir jafnframt starfslýsingar einstakra starfa og leiðir í framhaldi staðsetningu einstakra starfsmanna í ljós. Þar skal tekið fram að gert er ráð fyrir að sum verkefni og þar með starfsmenn heyri undir deildir en annað beint undir skrifstofustjóra.


- *Sviðsstjóri* hefur yfirsýn yfir velferðarþjónustuna í Reykjavík. Hann er framkvæmdastjóri velferðarráðs og ber ábyrgð á innleiðingu pólitískrar stefnu í velferðarmálum og ákvarðana ráðsins. Hann ber ábyrgð á framkvæmd velferðarþjónustunnar í borginni og því að sviðið starfi innan þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemina. Hann ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda. Sviðsstjóri ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlanagerð sviðsins, leiðir þróun og innleiðingu breytinga og nýrra verkefna, hugmynda, úrræða og leiða í þjónustu sviðsins, mati á árangri og eftirliti. Einnig samþættingu og samhæfingu þjónustunnar í samstarfi og samráði við samstarfsaðila sviðsins innan lands og utan.

Sviðsstjóri verður áfram beinn yfirmaður Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva í Árbæ og Grafarholti, Breiðholti, Grafarvogi og Kjalarnesi, Laugardal og Háaleiti, Miðborg og Hlíða og Vesturbæ, en nær öll framkvæmd þjónustu á Velferðarsviði heyrir undir þessari starfseiningar. Hins vegar er gert ráð fyrir að skrifstofustjóri framkvæmdar þjónustu beri ábyrgð á daglegum samskiptum og stuðningi við framkvæmdastjóra, ásamt vinnslu daglegra úrlausnaefna sem upp koma, auk samhæfingar þjónustu þessara starfseininga (sjá nánar verkefnalýsingu skrifstofu framkvæmdar þjónustu).

- *Skrifstofa sviðsstjóra* hefur veigameira hlutverk en áður. Skrifstofa sviðsstjóra ber áfram ábyrgð á stjórnslu sviðsins og þjónustu við velferðarráð, sem og á upplýsinga- og kynningarstarfi sviðsins í samráði við upplýsingadeild borgarinnar. Á skrifstofu sviðsstjóra verður til viðbótar utanumhald og ábyrgð á heildarstefnumótun í málaflokkum sviðsins, sem og ábyrgð á samhæfingu velferðarþjónustunnar í umboði sviðsstjóra og í samráði við aðra stjórnendur sviðsins. Skrifstofustjóri situr í teymi samstarfs og samráðs vegna þjónustu ásamt skrifstofustjórum ráðgjafarþjónustu, framkvæmdar þjónustu og þjónustu heim.

Grunn hugmyndafræði skipuritsins byggir á samþættri þjónustustarfsemi og því að einstaklingar fái þjónustu á grundvelli einstaklingsbundins mats og í takt við þarfir. Af því leiðir m.a. að skipulag skrifstofa og deilda er miðað við þjónustu en ekki notendahópa. Hins vegar er einnig talið að tryggja þurfi samhæfða þjónustu við ákveðna þjónustuhópa. Mun skrifstofa sviðsstjóra því bera ábyrgð á að leiða sérstök teymi sem sett verða á laggirnar til að tryggja heildstæða þjónustu við einstaka þjónustuhópa, sem til dæmis gætu verið fatlað fólk, aldrað fólk, börn og ungmenni,

heimilislausir og innflytjendur - samkvæmt þörfum hvers tíma og ákvörðunum stjórnenda sviðsins. Þjónustuhóparnir og þjónustuhópateymi eru þannig ekki hluti af formlegu skipuriti en hinir síðarnefndu verða settir á laggirnar samhliða innleiðingu á nýju skipuriti. Gert er ráð fyrir að í þjónustuhópateyminum sitji valdir starfsmenn Velferðarsviðs sem hafi hvað mesta þekkingu á viðkomandi þjónustuhópum, þau verði leidd af þjónustuhópastjórum sem að öllu jöfnu vinna sem sérfræðingar innan Velferðarsviðs. Þjónustuhópateyminum er ætlað að hafa heildstæða yfirsýn yfir þjónustu við hópinn, fyrirliggjandi þarfir, og framtíðarsýn varðandi þjónustuna og miðla þeirri yfirsýn innan sviðsins. Lýsingu á þessu fyrirkomulagi má sjá í eftirfarandi skýringarmynd.



Undir skrifstofu sviðsstjóra verður *ný Deild gæða og rannsókna* sem ber ábyrgð á að verkferlar innan sviðsins séu skýrir og samhæfðir. Þar er einnig ábyrgð á tölfræði og miðlun upplýsinga, rannsóknum, gagnaöflun og greiningarvinnu ásamt samhæfðu árangursmati og skorkorti. Deildin ber jafnframt ábyrgð á útteknum og þjónustumati, samstarfi við háskóla, sem og leyfum fyrir rannsóknir.

- *Skrifstofa ráðgjafabjónustu* ber ábyrgð á samhæfingu sértækrar og almennrar ráðgjafabjónustu á sviðinu í samvinnu við þjónustueiningar. Að auki ber skrifstofan ábyrgð á að þróun sé í takti við þarfir notenda með virku notendasamráði og í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni með virku samstarfi við sérfræðinga innan

og utan sviðsins. Skrifstofustjóri situr í teymi samstarfs og samráðs vegna þjónustu ásamt skrifstofustjórum skrifstofu sviðsstjóra, framkvæmdar þjónustu og þjónustu heim. Skrifstofa ráðgjafarþjónustu skiptist í tvær deildir:

Deild sértækrar ráðgjafar ber ábyrgð á yfirfærslu stefnu sem og yfirsýn, þróun, samhæfingu og samræmingu innan eigin ábyrgðarsviðs. Þar með talið er sérfræðiráðgjöf við skóla og önnur verkefni sem unnin eru samkvæmt samningi við Skóla- og frístundasvið borgarinnar, umsýsla vegna barnaverndar og úthlutun sértækrar þjónustu fyrir börn önnur en tengist búsetu.

Deildin ber ábyrgð á þróun sértækrar og heildstæðrar ráðgjafar við fatlað fólk á öllum aldri sem og við fjölskyldur þeirra. Hún ber einnig ábyrgð á verkefnum og þróun þjónustu vegna samfélagsþátttöku og virkni fatlaðs fólks og úthlutun í dagþjónustu fyrir fatlað fólk. Deildin annast einnig samstarf við félagasamtök og hagsmunasamtök í málefnum fatlaðs fólks og starfshópa innan og utan sviðs og borgar sem tengjast verksviði deildarinnar, samskipti við Jöfnunarsjóð vegna málefna fatlaðs fólks, samhæfingu SIS mats og undirbúning og eftirfylgd framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks.

Deild almennrar ráðgjafar ber ábyrgð á yfirfærslu stefnu sem og yfirsýn, þróun, samhæfingu og samræmingu innan eigin ábyrgðarsviðs. Þar með talið er félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, vinnumarkaðsúrræði, virkni fyrir fólk án atvinnu og eftirlit samninga um virkni og virkninámskeið. Einnig fellur þar undir yfirumsjón á aðgerðateymi sviðsins, seta í áfrýjunarnefnd velferðarráðs, málefni utangarðsfólks og innflytjenda, forvarnarmál, húsaleigubætur og námskeið og fræðsla til notenda s.s. foreldra og barna. Fagleg eftirfylgd og samvinna við framkvæmdaaðila vegna samninga, s.s. SÁÁ, Fjölskyldumiðstöð og Vímulausa æsku mun einnig vera hjá þessari deild.

- *Skrifstofa þjónustu heim* ber ábyrgð á samhæfingu einstaklingsbundinnar þjónustu sem veitt er á heimilum einstaklinga sem og þjónustu sem styður við búsetu á eigin heimilum, í samvinnu við þjónustueiningar, ber ábyrgð á að þróun sé í takti við þarfir notenda með virku notendasamráði og í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni með virku samstarfi við sérfræðinga innan og utan sviðsins. Skrifstofustjóri situr í teymi samstarfs og samráðs vegna þjónustu ásamt skrifstofustjórum skrifstofu sviðsstjóra, ráðgjafarþjónustu og framkvæmdar þjónustu. Skrifstofa þjónustu heim skiptist í þrjár deildir:

Deild heimaþjónustu ber ábyrgð á yfirfærslu stefnu sem og yfirsýn, þróun, samhæfingu og samræmingu innan eigin ábyrgðarsviðs. Þar með talið er félagsleg heimaþjónusta, heimahjúkrun og önnur heilbrigðisþjónusta sem unnin er samkvæmt samningi við ríkið. Deildin ber ábyrgð á samskiptum við ríkið vegna samnings og kröfulýsingar um heimahjúkrun. Deildin ber ábyrgð á að koma til framkvæmda samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í hverfum í samstarfi við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva. Einnig fellur RAI matið undir þessa deild, sem og samstarf við LSH. Samhliða þessari breytingu þarf að skoða staðsetningu Heimaþjónustu Reykjavíkur sem nú er staðsett í Breiðholti en gert er ráð fyrir að sú

eining verði smám saman lögð niður samhliða flutningi heimahjúkrunar út í hverfi og samþættingu við félagslega heimaþjónustu.

Deildin ber einnig ábyrgð á þróun og samhæfingu í matarþjónustu, félagsstarfi og dagþjónustu fyrir aldraða í samvinnu við þjónustumiðstöðvar.

Deild stuðningsþjónustu ber ábyrgð á yfirfærslu stefnu sem og yfirsýn, þróun, samhæfingu og samræmingu innan eigin ábyrgðarsviðs. Deildin ber ábyrgð á þróun stuðningsþjónustu, reglum um stuðningsþjónustu og matstæki, NPA og beingreiðslusamningum, akstursþjónustu aldraðra og ferðaþjónustu fatlaðs fólks og samstarfi við framkvæmdaraðila, nú Strætó bs.

Deild húsnæðis- og búsetuþjónustu ber ábyrgð á yfirfærslu stefnu sem og yfirsýn, þróun, samhæfingu og samræmingu innan eigin ábyrgðarsviðs. Deildin stýrir úthlutunarteymum og ber ábyrgð á úthlutun í allt húsnæði og búsetu sem úthlutað er í af hálfu Velferðarsviðs, bæði almennt félagslegt leiguhúsnæði og sértækt húsnæði s.s. fyrir aldrað og fatlað fólk. Deildin ber ábyrgð á að fyrir liggi þarfagreining húsnæðis hverju sinni, gerir áætlanir um uppbyggingu í takt við þarfir og mótar þjónustuúrræði í bráðamálum. Deildin vinnur í nánu samstarfi við þjónustueiningar sviðsins og samstarfsaðila, þ.m.t. rekstraraðila húsnæðis og Félagsbústaði, hagsmunasamtök, ríkið og önnur sveitarfélög.

- *Skrifstofa framkvæmdar þjónustu* er ný skrifstofa. Skrifstofustjórinn ber ábyrgð á daglegum samskiptum og samstarfi við þjónustumiðstöðvar og Barnavernd í umboði sviðsstjóra. Í því felst m.a. stuðningur við framkvæmdastjóra ásamt vinnslu daglegra úrlausnaefna sem upp koma, og samhæfing þjónustu þessara starfseininga. Skrifstofustjóri situr í teymi samstarfs og samráðs vegna þjónustu ásamt skrifstofustjórum skrifstofu sviðsstjóra, ráðgjafarþjónustu og þjónustu heim.

Nær öll framkvæmd þjónustu á Velferðarsviði heyrir undir þjónustumiðstöðvar og Barnavernd Reykjavíkur. Þær breytingar sem hafa orðið á umfangi sviðsins, við erfiðar fjárhagsaðstæður, hefur leitt til mikils álags á starfsfólk og kerfi. Brýna nauðsyn ber því til á næstu árum að ná enn betur utan um rekstur og þjónustu og vinna markvissar að framþróun og gæðamálum. Um leið þarf að tryggja sem besta nýtingu fjármagns og mannauðs fyrir borgina í heild. Þrátt fyrir að hvert hverfi borgarinnar hafi sína sérstöðu og að þjónusta á hverri þjónustumiðstöð taki mið af því, þá er samt nauðsynlegt að þjónusta sé samhæfð og jafnræðis sé gætt þannig að íbúar upplifi sömu gæði í þjónustu hvar sem þeir búa í borginni. Með því að einn miðlægur stjórnandi hafi það hlutverk að einbeita sér að framkvæmd þjónustunnar og styðji þar með við þjónustuhlutverk sviðsins, mun framkvæmd þjónustunnar fá meiri athygli og meira rými í daglegri stjórnun á miðlægri skrifstofu. Stuðningur við framkvæmdastjóra í þeirra daglegu störfum verður meiri enda verður það eitt meginhlutverk nýs skrifstofustjóra. Með þessum breytingum ætti framkvæmdastjórum einnig að gefast betra svigrúm til að sinna daglegri þjónustu og rekstri sem þeir bera ábyrgð á, samskiptum við starfsmenn, íbúa og hverfaráð og utanumhaldi og eftirfylgni þjónustu sem eins og hér hefur verið bent á er allt önnur að umfangi en þegar núverandi skipulag á Velferðarsviði var samþykkt árið 2007.

Einnig má nefna að reglulega koma upp mál þar sem kalla á mikla samvinnu, samskipti og samhæfingu innan Velferðarsviðs (t.d. á milli barnaverndar, þjónustumiðstöðvar og fagskrifstofu), samskipti við önnur fagsvið (t.d. SFS eða ÍTR) og/eða upplýsingaskrifstofu borgarinnar. Mun skrifstofustjóri framkvæmdar þjónustu bera ábyrgð á slíkri samhæfingu.

Hvað rekstur þjónustumiðstöðvanna varðar má nefna að dag hvern koma inn á borð sviðsstjóra mál vegna þjónustu, starfsmannamála og fjármála þjónustumiðstöðvanna þar sem framkvæmdastjórar óska eftir álit, stuðningi eða viðbrögðum, sem og einstaklingsmál þar sem umboð þjónustumiðstöðvanna er ekki nægjanlegt til að mæta þjónustubörfum eða þar sem verið er að kvarta yfir viðbrögðum og þjónustu þjónustumiðstöðvanna. Fjöldi og umfang þessara mála hefur eðli málsins samkvæmt margfaldast undanfarin ár með auknu umfangi sviðsins og fjölgun þjónustubátta og er brýnt að breytingar verði gerðar á skipulaginu eins og hér er lagt til svo að fylgja megi málum betur eftir.

- *Skrifstofa fjármála og reksturs* fer með yfirumsjón og ábyrgð á fjárhagsáætlunargerð sviðsins og eftirfylgni hennar. Skrifstofan ber ábyrgð á mánaðarlegum uppgjörum og frávikagreiningum, annast kostnaðarmat, kostnaðargreiningar og kostnaðarútreikninga og kostnaðar- og tekjueftirlit. Skrifstofan heldur utan um gjaldskrár, upplýsingagjöf úr rekstri og þróun gagnagrunna og hugbúnaðarmál.

Innan skrifstofu fjármála og reksturs er gert ráð fyrir sérstakri deild *Ááætlanagerð og greining* sem ber ábyrgð á fjárhagsáætlun og eftirfylgni hennar sem og fjármálagreiningum og eftirliti. Deildin vinnur í nánú samstarfi við þjónustueiningar sviðsins.

- *Skrifstofa mannauðs* heldur utan um starfsmanna- og mannauðsmál, þar með talið launa- og kjaramál, fræðslu- og símenntun, vinnuvernd, öryggismál og eineltis- og áreitnimál. Skrifstofan veitir stjórnendum og starfsmönnum sviðsins jafnframt ráðgjöf í mannauðstengdum málum, s.s. varðandi starfsþróun, starfslýsingar, starfsmat og starfslok. Skrifstofan annast jafnframt skráningu og utanumhald handleiðslu fyrir fagfólk sviðsins.
- *Skrifstofa lögfræðiþjónustu* veitir lögfræðilega ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk sviðsins vegna stjórnarsýslu, laga og reglugerða. Skrifstofan heldur utan um umsagnir um lagafrumvörp, ber ábyrgð á reglum og verklagsreglum sviðsins vegna þjónustu, s.s. fjárhagsaðstoðarreglum og heimaþjónustureglum og túlkun reglna í stjórnarsýslunni s.s. innkaupareglum. Skrifstofan hefur auk þess yfirumsjón með allri samningagerð sviðsins, situr fundi áfrýjunarnefndar velferðarráðs og annast samstarf við persónuvernd og kærunefnd.

Samhliða skipulagsbreytingum mun skipulag, umboð og verkefni stjórnendateyma og stjórnendafunda verða endurskoðað með það að markmiði að auka skilvirkni yfirstjórnunar sviðsins. Mun það verða gert í samráði við núverandi og nýja stjórnendur.

Framkvæmd og kostnaður

Lagt er til að þessi skipuritsbreyting taki gildi þann 1. janúar 2014 en innleiðing nýs skipurits mun þó taka lengri tíma. Fram til áramóta mun tíminn verða notaður til að ráða inn skrifstofustjóra, ásamt því að undirbúa skipulagsbreytingarnar. Unnin verður innleiðingaráætlun sem unnið verður eftir og breytingar innleiddar í tímasettum áföngum.

Með því skipulagi sem hér er lagt til fjölgar skrifstofustjórum á Velferðarsviði um tvo frá því sem nú er og störf deildarstjóra eru tekin upp innan miðlægrar skrifstofu og verða þeir alls sjö talsins. Jafnframt verður ein staða forstöðumanns lögð niður og breytingar gerðar á störfum verkefnastjóra á skrifstofu sviðsins. Munu breytingarnar snerta öll störf verkefnastjóra á skrifstofunni og er gert ráð fyrir að stöðum verkefnastjóra fækki til móts við störf deildarstjóra vegna tilfærslna verkefna og starfsmanna í starfi. Alls er því gert ráð fyrir að fimm ný stöðugildi verði til. Tryggt verður þrátt fyrir niðurlagningu starfa og breytingar á störfum að engum starfsmanni verður sagt upp við skipulagsbreytingarnar. Áætluð aukning í rekstrarkostnaði sviðsins vegna þessara breytinga og fjölgunar stöðugilda er 62m kr. á ársgrundvelli þegar breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda.

Eftirfarandi störf eru ný:

- Skrifstofustjóri á skrifstofu framkvæmdar þjónustu*
- Skrifstofustjóri á skrifstofu þjónustu heim
- 1 stg. deildarstjóra á skrifstofu sviðsstjóra*
- 2 stg. deildarstjóra á skrifstofu ráðgjafarþjónustu*
- 3 stg. deildarstjóra á skrifstofu þjónustu heim*
- 1 stg. deildarstjóra á skrifstofu fjármála og reksturs*

Þau störf sem mannauðsstjóri sviðsins telur ráðlegt að auglýsa eru stjórnumerkt. Eitt af þeim störfum sem breytt skipurit felur í sér að verði lagt niður er starf forstöðumanns Heimþjónustu Reykjavíkur, en eðlilegt er talið að bjóða þeim starfsmanni nýtt og sambærilegt starf skrifstofustjóra þjónustu heim.

Starf skrifstofustjóra á skrifstofu velferðarmála verður lagt niður og flytjast verkefni í því starfi til nýrra og breyttra starfa mismunandi skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri á skrifstofu velferðarmála er jafnframt staðgengill sviðsstjóra í dag. Starf skrifstofustjóra á skrifstofu sviðsstjóra tekur umtalsverðum breytingum frá því hvernig starfið er skilgreint í dag. Miðað við þær breytingar sem verða á því starfi og auknu umfangi þess er gert ráð fyrir að skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra verði staðgengill sviðsstjóra. Eðlilegt er talið að bjóða núverandi skrifstofustjóra á skrifstofu velferðarmála starf skrifstofustjóra á skrifstofu sviðsstjóra. Ennfremur er gert ráð fyrir að fimm starfsmenn á Velferðarsviði haldi utan um þjónustuhópateymin, og fái það hlutverk samhliða reglubundna starfi á sviðinu.

Til viðbótar er áætlað að kostnaður við undirbúning og innleiðingu breytinganna verði alls 10m kr. og er þar innifalið kostnaður við ráðgjafa, auglýsingar og ráðningar nýrra stjórnenda og starfsmanna, innleiðingu skipulagsbreytinga, upplýsingamiðlun og fræðslu til stjórnenda og starfsmanna, starfsdaga, breytingar á starfseiningum o.fl.

Varanleg aukning á rekstrarkostnaði á ári og sá kostnaður sem fellur til vegna innleiðinga breytinganna er því samtals áætlaður 72m.kr.

Velferðarsvið hefur fengið úthlutað í fjárhagsramma ársins 2014 alls tæplega 46m kr. til styrkingar skrifstofu. Gera má ráð fyrir að það fjármagn verði nýtt upp í kostnað vegna breytinganna, m.a. í aukinn starfsmannakostnað vegna ráðninga nýrra stjórnenda. Velferðarsvið gerir ráð fyrir að það fjármagn sem upp á vantar 26m kr. komi af fjárveitingum frá ríki til þeirra verkefna sem sviðið hefur yfirtekið síðustu ár, þ.e. heimahjúkrunar og málaflokks fatlaðs fólks, en tekið skal fram að engir nýir stjórnendur hafa verið ráðnir frá yfirfærslu þessara málaflokka.